

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.03.2017
Máladagur	9.22
Mál nr.	1703356



Bæjarráð Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Ósk um lóð fyrir bílaþvottastöð.

Bón og þvottastöðin ehf. hefur starfað í Reykjavík frá árinu 1968. Fyrst við Sigtún til ársins 2007 og síðan að Grjóthálsi frá árinu 2011. Bón og þvottastöðin er fyrsta sjálfvirka bílaþvottastöðin á landinu en var fljótlega breytt í hálf sjálfvirka stöð, þar sem bílar fara eftir færíbandi en er þvegnir í höndunum. Hjá fyrirtækinu starfa núna 12 manns. Allur þvottur er gerður í höndunum og tekur hver þvottur um 7 mínútur. Bón og þvottastöðin er vistvæn að öllu leyti og var tekin út sem slík og kappkostar við að halda því. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur komið hér í þriggja, frá því að stöðin opnaði á Grjóthálsi, í reglubundið eftirlit og í öll skiptin ekki gert neina athugasemd. Einnig mældu þeir mengun frá vatnsfráveitum og var hún vel undir viðmiðunarmörkun enda notast Bón og þvottastöðin við bestu fánlegu sand- og olíuskiljur sem völ er á.

Bón og þvottastöðin, kt. 561006-0590, Grjóthálsi 10, 110 Reykjavík óskar eftir lóð fyrir starfsemi sína í Garðabæ. Æskilegt er að lóðin væri af stærð frá 2000 til 3000 fermetra, þar sem væri byggt 600 til 900 fermetra húsnæði fyrir bílaþvottastöð.

Þar sem við finnum fyrir mjög mikilli þörf fyrir aðra svona bílaþvottastöð, óskum við eftir því að Garðabær útvegi okkur lóð fyrir starfsemi okkar.

F.h. Bón og þvottastöðvarinnar

Bón og þvottastöðvarinnar